28. gr.

**Ýmislegt.**

1) Hinir ýmsu titlar eða fyrirsagnir hinna ýmsu kafla, greina og málsgreina þessa samnings eru eingöngu til hagræðis við tilvísun og skipta eigi máli um skýringu eða túlkun á samningnum.

FRAMANRITUÐU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og ES miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

*Gunnar Thoroddsen*

iðnaðarráðherra

Fyrir ELKEM-SPIGERVERKET A/S

*Karl Lorck*

forstjóri

*Gjört í Reykjavík 11. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

10. maí 1977. Nr. 19.

# LÖG

**um heimild til að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Húseiningum h/f húsnæði Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði fyrir það verð, sem um semst, eða að mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 10. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*